

þarsem því hefir verið haldið fram *til vara* af hreppsnefndarinnar hálfu, að aukaútsvarið álitist hafa verið lagt á ábúð dánarbúsins á Vatnsenda samkvæmt 2. másl. nefndra laga 9. ágúst 1889, þá getur sú varakrafa eigi samrýmst aðalkröfunni, að útsvarið hafi verið lagt á dánarbúið *i heild sinni*, og er varakrafa þessi því sjálffallin, enda er enga upplýsing eða jafnvel fullyrðing að finna um það í málinu, að aukaútsvarið hafi verið lagt á og miðað við ábúð búsins eina á téðri jörð. Það verður því að fallast á það, að fógetinn neitadi að framkvæma hið umbeðna lögtak, og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð. Málskostnaður fellur niður og eftir þessum úrslitum málsins verða hinum skipaða málfærslumanni áfrýjanda eigi dæmd málflytningislaun, en það vottast, að sóknin af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi fógetaréttarúrskurður skal vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 32/1900:

Páll Markússon

gegn

Eggert Laxdal fyrir hönd »Gudmanns Efterfølgers« verzlunar.

D ó m u r:

Með samningi dags. 28. júní 1899 lofaði áfrý-

jandinn Páll Markússon meðal annara að selja verzlun Gudmanns Eftirfólgers á Akureyri alla þá síld, sem hann veiddi með »úthaldi« sínu, — eins og að orði er komist í samningsskjalinu —, á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember nefnt ár, og skyldi verðið fyrir hverja mælda strokktunnu af stærri síld eftir ákveðnum merkjum vera 4 kr., en verðið fyrir minni síld skyldi vera eftir samkomulagi, og átti síldarverðið að borgast að $\frac{2}{3}$ hlutum í peningum, en að $\frac{1}{3}$ í vörum með almennu vöruverði. Áfrýjandi lét þó eigi síld þá, sem hann aflaði í sinn hlut á áminstu tímabili, og sem í undirréttardóminum er talin að hafa verið 5 tonnur, af hendi við verzlunina, heldur seldi hann öðrum síldina. Eggert Laxdal höfðaði þá fyrir hönd verzlunar Gudmanns Eftirfólgers skaðabótamál á hendur Páli Markússyni fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar, og var málinu ráðið til lykta með dómi téðs réttar, upp kveðnum 13. júní f. ár á þá leið, að Páll Markússon skyldi greiða verzlunarstjóra Eggert Laxdal fyrir hönd Gudmanns Eftirfólgers verzlunar 85 kr. sem skaðabætur með vöxtum 6% frá 15. febrúar f. ár, unz greiðsla færi fram, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir Páll Markússon skotið til yfirréttarins með stefnu, útgefinni 8. sept. f. ár, og hefir hann gjört þær réttarkröfur, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Af hálfu hins stefnda verzlunarstjóra Eggerts Laxdals

fyrir hönd verzlunar Gudmanns Eftirfólgers hefir þess verið krafist, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

Áfrýjandi hefir bæði í héraði og fyrir yfir-dómi borið fram þá sýknunarástæðu fyrir sig, að hann hafi verið ófullveðja, er hann gjörði og undirskrifaði samninginn 28. júní 1899. Það er og rétt, að áfrýjandi, sem er fæddur 2. ágúst 1874, var eigi fullveðja að aldri, þegar greindur samningur var gjörður. En þar sem hér var að ræða að eins um ráðstöfun eða sölu á atvinnuárdi hans eða sjálfsafla, þá var hann alt að einu bær um að skuldbinda sig með samningnum, og samningurinn var því gildur og skuldbindandi fyrir áfrýjanda, þótt hann væri undirritaður af höpum tilsjónarmannslaust. Það verður því að athuga innihald samningsins með tilliti til þess, hvort áfrýjandi hafi rofið hann, eins og haldið er fram af stefnda, og orðið með því skaðabótaskyldur til hans. Eins og áður hefir verið skýrt frá, skuldbatt áfrýjandi sig í samningnum til þess að selja verzlun þeirri, er stefndi veitir forstöðu, alla þá sild, er hann veiddi »með úthaldi sínu« á tímabiliinu frá 1. ág. til 31. des. það ár (1899), fyrir það verð og með þeim skilyrðum að öðru leyti, sem skýrt er frá í samningnum. En nú er það sann- að í málinu, og jafnvel viðurkennt af stefnda, að þegar til kom hafði áfrýjandi ekkert síldarúthald á nefndu tímabili, og gat því eigi verið að ræða

um neina sild, er hann á þeim tíma veiddi með úthaldi sínu; en það gat ekki talist að áfrýjandi hefði sildarúthald, þó að hann ætti part ($\frac{1}{4}$) í bát, sem hann leigði úthaldseiganda þeim, er hann var ráðinn sjómaður hjá yfir tímann, sem samningurinn ræðir um, og virðist áfrýjandi eigi hafa fengið aðra sild en þá, sem hann fekk sem formaður á úthaldi þessa manns. Samkvæmt innihaldi umrædds samnings bar þannig áfrýjanda engin skylda til að leggja sild þá, er hann fekk í sinn hlut sem sjómaður, inn í verzlun stefnda, og var því eigi um nein samningsrof í þessu tilliti að ræða af hans hendi við verzlunina. Verður því að sýkna hann fyrir kröfum stefnda. Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi borgi áfrýjanda málskostað, er þykir hæfilega metinn 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Páll Markússon á í þessu máli að vera sýkn af kröfum stefnda verzlunarstjóra Eggerts Laxdal fyrir hönd verzlunar Gudmanns Efterfólgers. Málskostnað fyrir báðum dómum greiði stefndi áfrýjanda með 40 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti ella aðför að lögum.